

- 158** Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Stefáns Halldórssonar, 5. ágúst útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 5. ágúst 1960. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Stefáns Halldórssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Stefáns Halldórssonar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 1000 krónur, sem hjónin Björg Halldórsdóttir og Halldór Stefánsson í Hamborg í Fljótsdal gefa til minningar um son sinn, Stefán, f. á Seyðisfirði 10. okt. 1905, d. á heilsuhælinu á Vífilsstöðum 18. febr. 1917.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að gleðja sjúklinga á héraðssjúkrahúsinu á Egilsstöðum með gjöfum á afmælisdögum þeirra og á hátíðadögum eða öðrum minningadögum.

4. gr.

Sjóðurinn tekur við minningagjöfum, áheitum og dánargjöfum manna, sem kjósa að efla hann og tilgang hans.

5. gr.

Umsjón, umráð og bókhald sjóðsins hefur stjórnarnefnd sjúkrahússins á Egilsstöðum. Hún heldur gerðabók fyrir sjóðinn og bókfærir þar innkomnar og útlátnar gjafir, reikninga sjóðsins og annað, sem honum kemur við.

6. gr.

Fé sjóðsins ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands og í bönkum eða öðrum stofnunum, sem taka fé til ávöxtunar og stjórn sjóðsins metur tryggar.

7. gr.

Helmingur vaxtatekna og gjafafé allt leggst árlega við höfuðstólinn, hinum hlut vaxta skal verja til gjafa skv. 3. gr. Af honum tekst einnig útlagður kostnaður sjóðstjórnar fyrir gerðabækur, ritföng og burðargjöld. Eftirstöðvar þessa hluta vaxtatekna færast til næsta árs.

Með skipulagsskrá þessari er úr gildi felld skipulagsskrá sjóðsins útgefin 28. febr. 1921 (Stj.tíð. B. nr. 116/1921).

Reykjavík, 26. júlí 1960.

Halldór Stefánsson.